



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **nóv.** Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. nóv .2019**



Frá Bókasafni Hrunamanna



## Opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

**Alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Um að gera að kíkja á bókasafnið – lestur er bestur.

Verið hjartanlega velkomin.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Gegnir



leitir.is

## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

**Tækjasalur í Íþróttahúsi.**

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalurinn er einnig opinn um helgar ef mót eru í gangi í húsinu. Fylgist með á facebook.



Okt 2019  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

29. árgangur.  
342.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Októbermánuður heilsar okkur með litarófi sem alltaf virðist verða fjölbreyttara ár eftir ár. Kannski er það fjölbreytileiki í gróðri sem eykur á upplifunina. Svo er árið í ár greinilega gott í reyniberjaræktinni því „fullir“ skógarþrestir hafa verið sjálfum sér og öðrum hættulegir í „háloftaumferðinni“

Hrunaréttir voru haldnar með pompi og pragt samkvæmt venju og iðaði sveitin af lífi langt fram eftir nóttu. Það er góður siður að hér sé hægt að ríða milli bæja, kíkja í súpu og ræða málin. Það er því góður bragur á þessari menningu sem vonandi á eftir að blómstra áfram. Landbúnaðarnefndin heldur áfram að koma með nýjungar varðandi fyrirkomulag á smalamennsku og helsta nýmælið er að eftirsafnið fer fram sem „löng“ helgarsmalamennska með auknum fjölda smala, bæði á hestum og ekki síst fjórhjólum sem eru orðin ómissandi þáttur í þessu. Í þessu skyni hefur áhugamannafélagið Ásæll komið upp litlum skála fyrir fjallmenn í Mikluöldubotnum til að geta haft betri og hentugri aðstöðu þegar verið að smala afréttinn í heild í átt til byggða sunnanlands og verður að hrósa þeim fyrir framtakið og eljusemina.

Í tengslum við þetta hélt Reiðhöllin á Flúðum réttarball í Reiðhöllinni sem er nýmæli í nýtingu þess húss. Það er reyndar viðeigandi að þessi eign í eigu samfélagana í Uppsveitum verði samnefni fyrir „uppskeruhátíð“ sauðkindarinnar. Hver veit nema í framtíðinni verði hefð fyrir sameiginlegri skemmtun í Reiðhöllinni þegar réttum er lokið í Uppsveitum.

Októbermánuður verður annasamur tími hjá sveitarstjórnarfólki eins og undanfarin ár og nú var boðað til aukalandsþings sveitarfélaga í haust. Fyrir því þingi var aðeins eitt mál til umræðu og það voru tillögur Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um eflingu sveitarstjórnarstígsins. Þó það séu 11 tillögur sem lágu fyrir var það sú sem leit að lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga sem hæst bar. Sú tillaga getur haft áhrif á hvort Hrunamannahreppur muni þurfa að sameinast öðrum sveitarfélögum og þá í síðasta lagi 2016. Það er mín skoðun að í ljósi þeirrar stjórnsýslu og þjónustu sem krafist er af sveitarfélögunum í dag þurfi sveitarfélögin á svæðinu að setjast niður og skoða alvarlega kosti og galla sameiningar. Ytri ógnanir og hagsmunabarátta er að mínu mati helsta ógn við íbúa og samfélög á svæðinu en ekki einhver innansveitarkrónika.

Nú er vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára komin af stað og spennandi að rýna í kristalskúluna. Mesta púðrið fer náttúrulega í þælingar vegna ársins 2020 en síðan þarf að horfa til framtíðar. Langstærstur hluti fjármagns sveitarfélagsins fer til fastra verkefna en við viljum hafa getu til framkvæmda og fjárfestinga helst án þess að almennt þurfi að koma til lántöku til smærri verkefna.

Síðan þarf að taka ákvaðandir um gjaldskrármál sem er alltaf verðugt verkefni. Ræður þar ýmsu en stærst vega þar þættir sem snerta mögulegar verðlags- og launahækkanir. Þá þarf að hafa í huga lífskjarasamninginn en þar er gert ráð fyrir að sveitarfélögin reyni almennt að miða við 2,5% mörkin hvað varðar gjaldskrárhækkanir. Ef verðbólga heldur sig til hlés er það göfugt markmið en ljóst er samt að launastabbinn mun aukast. Síðan eru það blessuð úrgangsmálin en eins og staðan er núna þá kallar málaflökkurinn því miður á verulegar gjaldskrárhækkanir ef eitthvað á að halda sjó gagnvart þeirri reglu að hann eigi nokkurn veginn að standa undir sér.

Varðandi úrgangsmálin þá er stefnt að fara í markvissari aðgerðir varðandi þjónustu á gámasvæðinu á Flúðum og ekki síst eftirlit og upplýsingagiöf með málaflöknum. Við þurfum að muna að þetta byrjar allt hjá okkur sjálfum og munum að flokka rétt. Því miður er það svo að það er á mörkunum að bláa tunnan sé felld hjá hirðingaraðila þar sem ekki er flokkað rétt í hana. Þá erum við líka í einhverjum vandamálum varðandi pressugámana upp á gámasvæði að plast á að fara í plastgáminn en ekki pappagáminn. Þá má minna á að frauðplast á ekki að fara í plastgáminn heldur í grófan óflokkaðan úrgang. Við ætlum að taka upp það nýmæli í Pésanum að það verði „flokunarhorn“ þar sem ein ráðlegging varðandi flokkun komi fram.

Annað varðandi umhverfismál eru blautklútar sem enda í rotþróum og ég hélt satt best að segja að við værum komin lengra í þeirri umræðu. Því miður er það svo að t.d. hér á Flúðum er þetta mikið vandamál sem bæði tefur og veldur erfiðleikum við hreinsun rotþróa. Ég vil sérstaklega biðja ferðaþjónustuaðila að koma þessum upplýsingum á framfæri við gesti sína að það á ekkert að fara í klósettið nema sem eyðist þar af náttúrulegum ástæðum.

Svo maður sé nú líka aðeins jákvæður varðandi umhverfismálin þá vil ég óska Jóa og Kristínu í Hvammi til hamingju með tré ársins en það er aðdáunarvert hvað þau hafa skilað miklu starfi til skógræktar í Hrunamannahreppi.

Annars eru ýmis spennandi verkefni framundan. Nú fer að byrja vinna við að skoða hvernig hægt sé að nýta milliloftið yfir áhaldageymslunni í íþóttahúsinu og mögulega skoða í leiðinni hvort hægt sé að breyta tækjasal o.fl. í íþróttahúsi. Það verður gaman að rýna þetta með hagsmunaaðilum. Þá er einnig ánægjulegt að það virðist vera mikill áhugi að byggja raðhús hér á Flúðum og jafnvel umframeftirspurn sem reynt verður að að bregðast við að einhverju marki. Það verður því vonandi fljótlega meira framboð af hentugu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu sem ekki er vanþörf á.

Hvað varðar ljósleiðarann þá er grunnverkefninu lokið fyrir utan þjónustustreng upp á Langholtsfjall. Það er ánægjulegt að einstakir sumarhúsaegendur eru að sjá „ljósið“ og við höfum þegar tengt fyrstu sumarhúsin. Hins vegar finnst mér alltof mörg heimili í Hrunamannahreppi, sem eru tilbúin til að tengjast við ljósleiðarann, en hafa ekki gert það. Fyrir utan miklu betri gæði þá leiðir þetta til þess að viðkomandi aðilar eru að greiða fyrir línuleigu til Mílu í stað þess að Hrunaljós njóti þess, því ekki veitir af þar sem íbúar og sveitarfélagið hafa lagt mikið á sig fjárhagslega til að þessi tengimöguleiki fyrir íbúa yrðu að veruleika. Koma svo og tengjast Hrunaljósi !!!!!

Að lokum vil ég minnast hans Lofti í Haukholtum sem við kvöddum á dögunum en hann gegndi stóru hlutverki í stjórnkerfi Hrunamannahrepps síðustu áratugi og reyndar Uppsveita allra. Það er nú í sjálfu sér mikil elja að vera 24 ár í sveitarstjórn og þar af 20 ár sem oddviti og menn endast ekki í þeim störfum nema þeir hafi mikinn áhuga á hagsmunum samfélagsins.

Ég man einmitt eftir Lofti við störf þegar ég fékk mín fyrstu alvörulaun utan heimilis. Ég heimsótti hann á skrifstofu Hrunamannahrepps í Félagsheimilinu til að fá greiðslu fyrir vinnu við viðgerðir á afréttargirðingunni. Hann sat þar afslappaður við skrifborðið í skjalahrúgunni, frjállega klæddur og afgangur þetta ljúfmannlega en með vott af sparsemi eins og honum var í blóð borið. Það er því skemmtileg tilviljun að ég sit í minni skjalahrúgu bak við skrifborðið í dag og sinni að hluta þeim störfum sem Loftur gegndi á sínum tíma þótt tímarnir sjálfir hafi eilítið breyst.

Ég kynntist Lofti svolítið betur þegar maður flutti aftur heim fyrir 9 árum síðan og þá var Loftur m.a. formaður kjörstjórnar ásamt öðru félagsstússi. Eins og kunnugt er hafa óvenjulega margar kosningar átt sér stað á þessum síðustu árum og manni er eftirminnilegt hvað Lofti þótti vænt um þetta hlutverk sitt. Vildi vanda sig við verkið sem ég held að endurspegladi eðli hans vel, spjalla við og umgangast fólk og takast á við þau hlutverk sem honum voru falin, hvort sem það var í leikhús- eða raunheimum.

Ég og við á skrifstofunni munum sakna Lofti og hans heimsókna í ráðhúsið þar sem við gerðum ávallt góðlátlegt grín að hvor öðrum milli þess sem rætt var um allt milli himins og jarðar.

Höfum það gott saman og njótum þess að vera til.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## Gámasvæðið á Flúðum!! Munið opnunartímann.

Opið frá kl: 13:00-18:00 alla daga



í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma

### Dósasöfnun 9. bekkjar Flúðaskóla

Kæru sveitungar

Eins og endranær þá er 9. bekkur Flúðaskóla að safna sér fyrir árlegri Danmerkurferð. Við erum þegar búin að fara eina ferð í dósasöfnun og þökkum kærlega fyrir góðar móttökur. Við gerum ráð fyrir að fara með jöfnu millibili um sveitina í vetur og safna dósam. Við munum láta vita á fésbókarsíðu sveitarinnar þegar næstu ferðir verða farnar en einnig er hægt að láta vita og við reynum að sækja.

Með fyrir fram þökk fyrir stuðninginn  
9. bekkur Flúðaskóla 2019-2020

### Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Nú hef ég lokað stofunni í Heimalandi.  
Þakka ykkur viðskiptin á liðnum árum.

**Kærleikskveðjur**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

### *Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími.*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:00*

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur

## Fjölbætt heilsuefling - Leið að farsælum efri árum

Miðvikudaginn 30. október kl. 17:00 verður Janus Guðlaugsson, doktor í íþrótt- og heilsufræðum, með fyrirlestur í félagsheimilinu á Flúðum um heilsueflingu eldri borgara.

Janus hefur lokið meistara- og doktorsnámi á sviði heilsueflingar eldri aldurshópa og eins verið með tveggja ára heilsueflingarverkefni fyrir eldri aldurshópa í Reykjanesbæ og Hafnarfirði. Verkefnið er einnig að fara af stað í Vestmanneyjum.

Þó að fyrirlesturinn fjalli um eldri borgara þá á hann við mun stærri markhóp þar sem vöðvarýrnnun getur byrjað um og eftir fertugt. Ef lítil regluleg hreyfing er iðkuð fram til sjötugs þá geta sumir hafa misst tæplega 50% af sínum vöðvamassa. Nægur vöðvastyrkur er ekki aðeins mikilvægur til geta framkvæmt dagleg störf, heldur líka fyrir almenn lífsgæði.



Verið velkomin!

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabil 773-1626

# Nesfrakt

## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fánleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - [nilsgudjon@gmail.com](mailto:nilsgudjon@gmail.com) - [facebook.com/NG ehf](https://www.facebook.com/NG.ehf)



### Hrútasýning

Undanfarin ár hefur Sauðfjárræktarfélagið haldið glæsilegar hrútasýningar og í ár verður engin breyting þar á. Laugardaginn 12. október tökum við undir okkur reiðhöllina og sauðfjárnændur sveitarinnar sýna samsveitungum og öðrum áhugasömum sitt fegursta fé. Hrútasýningin hefst kl. 13.00. Keppt verður í fimm flokkum; Hvítir lambhrútar, mislitir lambhrútar, veturgamlir hrútar, best gerða gimbrin og skrautlegasta gimbrin. Dómarar úr nærsveitum munu þukla hrúta og gimbrar en áhorfendur kjósa skrautlegustu gimbrina. Rollubingóíð góða verður svo á sínum stað og einnig verða einhverjar nýjungar í dagskránni. Ef einhverntímamann er tilefni til að dást að sauðkindinni er það einmitt núna! Aðgangur er ókeypis, heitt á könnunni og reikna má með fallegur fé eftir gott sumar!



Skráningar hrúta skulu berast til stjórnar fyrir 9. okt: Árni Þór: 849-3870, [arni@fludaskoli.is](mailto:arni@fludaskoli.is) Björgvin: 849-5037, [bjorgvino96@gmail.com](mailto:bjorgvino96@gmail.com) Óskar: 856-1572, [hrunaprestur@gmail.com](mailto:hrunaprestur@gmail.com)

Endilega fjölmenum.

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035





## **Jólamarkaður Kvenfélags Biskupstungna**

verður haldinn í Aratungu laugardaginn 30. nóvember frá kl 13-17.

Handverk, ullarvörur, jólavörur, grænmeti, skartgripir, tombóla ofl. Tilvalið í jólapakkann! Hið víðfræga kökuhlaðborð kvenfélagskvenna verður á sínum stað! Keppt verður um frumlegasta piparkökuhúsið í þremur flokkum: 10-12; 13-15 ára og fullorðinsflokk.

Glæsilegir vinningar í boði. **Þið ykkar sem hafið eitthvað skemmtilegt upp á að bjóða eruð vinsamlegast beðin um að panta borð tímanlega.**

Borðapantanir og nánar upplýsinga má senda á netfangið [maggys@simnet.is](mailto:maggys@simnet.is)

**The Christmas market of the Womens Association**  
in Biskupstungur will be held in the community center Aratunga in Reykholt  
on Saturday the 30<sup>th</sup> of November from 13-17hrs.

Hand made local products and food, Christmas ornaments, jewellery and treats. You can shop all your Christmas presents there! This year, our Gingerbread house competition will be held in the categories 10-12; 13-15 years of age and grown ups. Fantastic winnings for the most original Gingerbread house! Come and experience the famous coffee and cake buffet and try your luck at the raffle! **Those of you who have something fun and Christmassy for sale are kindly requested to book a table in time.**

Table orders and more information can be sent to [maggys@simnet.is](mailto:maggys@simnet.is).



alamy stock photo

## Flokkunarhornið.



**Frauðplast á alls ekki að fara í  
plastgáminn  
heldur í grófan úrgang!!**



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**Samkaup** **strax**

### Flúðum

Opnunartími 2019

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-18:00

Föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-17:00

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting - Handsnyrting -

Vaxmeðferðir - Litun og plokun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

## Gangstéttar malbikaðar í Vesturbrún



## Tómasarhóll í Landgræðslugirðingunni



## Kvenfélag Hrunamannahrepps.

Konukvöld 8 nóvember fyrir ömmur, mömmur, dætur, frænkur og vinkonur.

Takið kvöldið frá.

Nánar auglýst síðar.

Fjáröflunarnefnd kvenfélagsins.



www.umbro.com • 51180805



### Í tilefni af Heilsuefndi samfélagi vill UMFH vekja athygli á eftirfarandi námskeiðum:

Núna er í gangi 8 vikna Zumba námskeið með tveimur kennurum frá Selfossi. Námskeiðið hófst 16. sept og verður til 4. nóv. Námskeiðið kostar 14.000 kr. og er alveg hægt að koma inn í það núna. Skráning sendist á [umfhrun@gmail.com](mailto:umfhrun@gmail.com)

Sigurjón Ernir Sturluson mun vera með hlaupanámskeið í Félagshemili Hrunamanna á vegum UMFH og Akstursíþróttafélags Hrep-pakappa sunnudaginn 27. október á milli kl. 14:00 og 17:00. Hann mun byrja á fyrirlestri um hlaup og mataræði sem mun taka ca. klukkutíma. Beint í framhaldinu mun hann vera með verklega kennslu/æfingu fyrir utan Félagshemilið. Ef fólk kys að mæta bara á fyrirlesturinn en ekki í verklega hlutann er það í góðu lagi en við hvetjum alla til þess að koma í allan pakkann. Námskeiðið kostar 1.000 kr. fyrir alla sem lokið hafa grunnskóla og frítt er fyrir þá/þær sem eru enn á grunnskólaaldri. Það er ekki aldurstakmark á námskeiðið en við gerum ráð fyrir að námskeiðið gagnist ekki 3. bekk og yngra fólki. Skráning verður opin alveg fram að námskeiði og er hægt að skrá sig með því að merkja við mætingu á þennan viðburð (ekki merkja við "Mæti" ef þið ætlið ekki að mæta) á Fésbókarsíðu UMFH og með því að senda póst á [umfhrun@gmail.com](mailto:umfhrun@gmail.com) - Þáttökugjaldið greiðist inn á 0325-26-018081 660269-5689 Ef fólk vill nánari upplýsingar er bent á að tala við Sigurjón Snæ Jónsson frá Berghyl.

UMFH er í viðræðum við þjálfara með tilskilda þekkingu og menntun til þess að leiðbeina fólki í tækjasalnum í íþróttahúsinu. Þeir/þær sem hafa áhuga á að fá aðstoð við að komast af stað í tækjasalnum skulu tilkynna áhuga sinn á slíku í tölvupósti á [umfhrun@gmail.com](mailto:umfhrun@gmail.com) eða með því að hafa samband við einhvern úr stjórn UMFH. Uppsetningin og nálgunin á það ræðst af fjölda þátttakenda.

Haustlitir

Ljósmyndasamkeppni

Hrunamannahrepps

1. september 2019 - 31. október 2019

Nánar á [www.fludir.is/haustlitir](http://www.fludir.is/haustlitir)

Autumn colors

Hrunamannahreppur's

Photography contest

September 1<sup>st</sup> 2019 - October 31<sup>st</sup> 2019

Visit [www.fludir.is/haustlitir](http://www.fludir.is/haustlitir)



Hrunamannahreppur



Uppspretta velliðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)



LAUGARVATN

**fontana**

Heiðunind frá landnámi



# Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2019

janúar				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
20	21	22	23	24
27	28	29		

febrúar				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
19	20	21	22	23
24	25	26	27	28

mars				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
18	19	20	21	22
24	25	26	27	28
31				

apríl				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
19	20	21	22	23
25	26	27	28	29
30				

maí				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
19	20	21	22	23
24	25	26	27	28
29	30	31		

júní				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
18	19	20	21	22
23	24	25	26	27
29	30			

júlí				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
19	20	21	22	23
24	25	26	27	28
28	29	30	31	

ágúst				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
19	20	21	22	23
24	25	26	27	28
29	30	31		

september				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
18	19	20	21	22
23	24	25	26	27
28	29	30		

október				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
19	20	21	22	23
24	25	26	27	28
27	28	29	30	


nóvember				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
19	20	21	22	23
24	25	26	27	28
29	30	31		

desember				
sun	mán	þri	míó	fiös
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
13	14	15	16	17
18	19	20	21	22
23	24	25	26	27
28	29	30	31	

- Sorp - Efri Hrunamannahreppur
- Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
- Blá tunna - Allur Hrunamannahreppur
- Rülluplast - Allur Hrunamannahreppur
- Lífrænt - Allur Hrunamannahreppur



Athugið að losundagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hírding fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Fiúðir skiptast milli sveða eftir litlu íaxá.



Sími: 577-5757 — [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)



Í Vinnustofuna Kjallarann er alltaf hægt að koma með efni til endurvinnslu. Um að gera að losa sig við efni með því að endurvinna og skapa atvinnu í leiðinni. Við erum dugleg að koma því áfram sem nýtist okkur ekki svo ekki hika við að koma.

Við tökum meðal annars á móti:

- \* Kertaafgöngum og ílátum sem henta fyrir kertagerð.
- \* Handklæðum og borðdúkum, sængurfötum og lökum.
- \* tvinna og borðum
- \* inni og úti málningu
- \* Mdf plötum, furu spýtum og vatnsheldum krossvið.

Viljum líka minna á að alltaf er hægt er að koma við hjá okkur ef ykkur langar að versla hjá okkur. Við erum við á mánudögum og miðvikudögum frá 9-12 og 13-14.30 og föstudögum frá 9-12.

Hægt er að hringja fyrir uppl. í síma 6906024

Kveðja Vinnustofan Kjallarinn, Heimalandi Flúðum

## Starfsmann vantar í mötuneyti Flúðaskóla

Um er að ræða 50% starfshlutfall frá 1. janúar 2020.

Laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Bárunnar.

Upplýsingar veita Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri í síma 4806612, [johannalilja@fludaskoli.is](mailto:johannalilja@fludaskoli.is) og Steinunn Margrét Larsen aðstoðarskólastjóri í síma 4806611, [maggalarsen@fludaskoli.is](mailto:maggalarsen@fludaskoli.is)

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðaþjónustu og viðburði í Uppsveitunum

Hjartað fullt af fjallsins yndi finn ég tifa.

Það er sem ég segi og skrifa.

Svona dag er gott að lifa.

höf. Binni Núpstúni

Fjallferðir og réttir er mikill menningarviðburður. Við komum saman til að njóta þessarar góðu menningar sem hefur einkennt haustið um ár og aldir. Rifja upp hvernig sauðkindin hélt lífinu í landanum og jafnvel ótrúlegar sögur af Fjalla-Eyvindi sem tengjast sveitinni og lifa meðal okkar. Nú þegar umræðan er orðin svo hatröm og virkilega er sótt að sauðfjárbændum úr mörgum áttum er gott að finna hvernig samfélagið stendur með okkur bændum og sameinast í að viðhalda menningararfinum. Það er stórkostlegt og alls ekki sjálfgefið að sveitungar og aðrir velunnarar taki þátt í að ná fé af fjalli með svo mikilli gleði og elju eins og raunin er.

Það eru forréttindi að tilheyra þeim góða hópi sem tók þátt í smalamennsku haustsins. Aðstæður voru með besta móti, veður gott og féð runnið í átt til byggða. Þegar allir hjálpast að er leikurinn auðveldur og er langt síðan svo vel hefur smalast eins og einmitt nú í haust. Þetta gerist svo sannarlega ekki að sjálfu sér og ber að þakka fjallmönnum fyrir vel unnið verk. Allt skipulag í kringum svona ferðalag til fjalla er einnig krefjandi en landbúnaðarnefndin bar hitan og þungan af því og eiga þau lof skilið.

Réttardaginn bar í ár upp á föstudaginn 13. og oft hefur verið talið að það sé óhappdagur en nú er sú kenning afsönnuð með öllu! Réttir gengu vel, þurrt og gott veður og gleðin ríkti frá morgni til kvölds.

Eftirsafnið var með breyttu sniði, stytt í þrjá sólarhringa, smalar fleiri og fararskjótar fjölbreyttir. Ber öllum saman um sem í það fóru að virkilega hafi tekist vel til og fyrirkomulagið komið til að vera.

Maður hélt í smá stund að menningin tengd sauðkindinni væri á undanhaldi en við látum óupplýsta umræðu á samfélagsmiðlum ekki draga úr okkur. Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna heldur veislunni áfram og stýrir Hrutadeginum og Fjallmannakvöldinu þann 12. október næstkomandi. Hvet ég sveitunga til að líta við í Reiðhöllinni á Flúðum og sjá þegar bændur bera saman sitt besta fé.

Sjáumst að ári ☺

Jón Bjarnason fjallkóngur



Skútinn, fyrir og eftir snyrtingu!!



## Þakkarbréf frá 10.bekk Flúðaskóla

Nú í byrjun skólaársins fórum við í 10. bekk í námsferð til Danmerkur. Við gerðum og skoðuðum margt skemmtilegt í þessari ferð. Við gistum á hosteli í miðri Kaupmannahöfn sem var þægilegt því margt var svo nálægt m.a. Tívolí þar sem við skemmtum okkur konunglega, Strikið og Íslandsbryggja þar sem við hoppuðum út í sjóinn. Einnig skoðuðum við söfn, kastala, dómkirkjuna í Hróarskeldu og Nyhavn undir góðri leiðsögn kennara. Við heimsóttum vini okkar í Svíþjóð og fengum að skoða okkur um og versla í Helsingborg. Við kíktum líka á strönd, Bakken, sædýrasafn og hittum ljón, fila og fullt af öðrum dýrum í dýragarðinum í Kaupmannahöfn.

Eins og gefur að skilja hefði þessi ferð ekki geta orðið að veruleika nema með ómetanlegum stuðningi frá sveitungum okkar. Þið tókuð einstaklega vel á móti okkur þegar við vorum að safna flöskum og dósnum í sjóðinn okkar góða. Það var ómetanlegt að fá allan þennan stuðning og aðstoð frá ykkur. Kærar þakkir fyrir það. Eins viljum við koma sérstöku þakklæti á framfæri til hans Helga sem flutti allt fyrir okkur niður á Selfoss og eins til Hrunamannahrepps sem útvegaði okkur aðstöðu til að telja og geyma flöskurnar. Auðvitað má ekki gleyma að þakka foreldrum okkar sem keyrðu okkur um allar trissur með kerrur í eftirdragi. Enn og aftur takk takk þið eruð frábær. Kærar kveðjur 10.bekkur Flúðaskóla.



# Litla Melabúðin

## FARMERS MARKET

### Vetraropnun / Winter opening hours

Opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.

Lokað mánudaga til miðvikudaga.

Open from Thursday to Sunday from 1pm to 5pm



MELUM, FLÚÐUM  
HRUNAMANNAHREPP



# **Haustfrí fjölskyldunnar**

**Dagana 19 og 20, 26 og 27 október 2019**

**2 fyrir 1 á öllum barnaréttum**

**Frí kynning um Flúðasveppi ásamt innliti í  
sveppaklefa kl 15:00 þessa daga**

**Farmers Bistro**

**Opið 12:00-17:00 alla daga**

**Bókanir í síma 5190808 eða á**

**[booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is)**



# Villibráðarhlaðborð

Farmers Bistro í Flúðasveppum

16. nóvember 2019 kl. 19:30.

Pantanir í s: 519-0808 eða á

[booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is)

Garðastígur 8, 845 Flúðir

Farmers Bistro býður upp á glæsilegt villibráðarhlaðborð úr hráefni úr nærumhverfi.

Verð 12.900 kr. á mann.

Ottó Magnússon matreiðslumeistari og Karl Steinar Óskarsson, snillingar í villibráð verða gestakokkar hjá okkur.

Þeir munu töfra fram fjölda rétta ásamt starfsfólki Farmers Bistro.

Kvarts kvartettinn frábæri leikur fyrir gesti.

**Fordrykkur:** Gulrótar kokteillinn Georg mikli

**Forréttir:** Heilreyktur Hvítárlax, sveppagratineraður lax, bleikjutartar taco, bleikju ballotina, hrefnu tastaki og míní gæsaborgarar

**Aðalréttir:** Sous vide gæs, gæsälæra confit, hreindýrabollur, hreyndýrapaté, fugl dagsins, lamb, hrossalund, andar-appelsínusalat, svartfugl, lifrapaté og fleira góðgæti



SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
13:00-14:00		15:10-16:10		16:10-17:30		13:45-14:45		12:30-13:30	
Tími eldri borgara		MB. 3-6bekkur		Frjálsar		Íþróttaskóli 1&2.b		Íþróttaskóli 1&2.b	
14:00-15:00		16:10-17:30		17:30-18:45		14:50-15:50		13:30-14:40	
MB. 3-6bekkur		Fimleikar		Fótbolti		Tími eldri borgara		MB. KVK	
		17:30-19:00		18:45-20:15		15:10-16:10		14:40-16:00	
		7-10.fl KK		M.fl KK		MB. 3-6bekkur		7-10.fl KK	
16:10-17:10		19:00-20:30		20:15-21:15		16:10-17:20		16:00-17:30	
Frjálsar		Blak KVK		Karlasport		7-10.fl KK		Fjölskyldutími	
17:10-18:30						17:20-18:30		17:30-19:00	
Frjálsar						7-10.fl KK		M.fl KK	
18:30-20:00						18:30-20:00		18:30-20:00	
M.fl KK						M.fl KK		Blak KVK	
20:00-21:00		20:00-21:00				20:00-21:30		21:00-22:30	
Námskeið		Karlasport				Blak KK		Oldb.Fótb.	
21:00-22:00									
Blak KK									

### Tækjasalur:

Mán-fim: 16:00-21:30

Fös: 13:00-18:00

Opinn um helgar ef

það eru mót í húsinu.

Fylgist með á facebook :)



Blak KVK	þjálfarar
Blak KK	
Frjálsar íþróttir	Guðbjörg Viðarsdóttir & Óskar Sigmundsson
Fótbolti	Heimir Gunnarsson & Máni Snær Benediktsson
Fimleikar	Sigríður Steinunn Einarsdóttir
Íþróttaskóli	Árni Þór Hilmarsson & Jónína Sif Harðardóttir
Körfubolti	Árni Þór Hilmarsson-Blake Walsman-Orrí Ellertsson-Eypór Orrí Arnason
Karlasport	Margrét Guðmundsdóttir (Auglýst síðar)
Námskeið	Fjölbreytt námskeið (Auglýst síðar)
Old boys Karfa/Fótbolti	Enginn þjálfari, greitt fyrir tímann í afgreiðslu.
Fjölskyldutími	Enginn þjálfari, greitt fyrir tímann í afgreiðslu.